

# **Einelti og líðan nemenda í grunnskólum sem vinna samkvæmt Olweus áætluninni gegn einelti skólaárið 2010-11**

Höfundur: Almar Miðvík Halldórsson

 **Skólalínur**

September 2011



## Efnisyfilit

Aðferð.....	7
Niðurstöður .....	8
Líðan nemenda og einelti.....	9
Samanburður á skólum með 1.-7. bekk og 1.-10. bekk.....	10
Kynjamunur.....	12
Tengsl eineltis við líðan í Olweus skólum og öðrum skólum.....	12
Samantekt og umræða.....	14
Heimildir .....	16
Viðauki 1. Spurningar að baki sex af tuttugu matsþáttum í Skólapúlsinum.....	17
Viðauki 2. Matsþættir í Skólapúlsinum.....	19

## Töluskrá

Tafla 1. Fylgni milli matsþáttar á einelti og annarra þátta í Skólapúlsinum (N=9778) .....	5
Tafla 2. Úrtak, fjöldi nemenda eftir kyni og aldri.....	7
Tafla 3. Úrtak, fjöldi nemenda og stærð skóla .....	7
Tafla 4. Fylgni eineltis við líðan nemenda í Olweus skólum og öðrum skólum .....	12
Tafla 5. Fylgni eineltis við líðan nemenda í Olweus skólum og öðrum skólum með eða án unglingsstigs .....	14

## Myndaskrá

Mynd 1. Líðan nemenda í 6.-10. bekk í Olweus skólum og öðrum skólum samkvæmt 5 matsþáttum Skólapúlsins .....	9
Mynd 2. Líðan nemenda eftir bekkjum í Olweus skólum og öðrum skólum.....	10
Mynd 3. Líðan nemenda í 6. og 7. Bekk í skólum með 1.-7. bekk annars vegar og 1.-10. bekk hins vegar.....	11
Mynd 4. Einelti meðal drengja og stúlkna í Olweus skólum og öðrum skólum.....	12



Þessi greining er unnin fyrir Kolbrúnu Baldursdóttur, sálfræðing og er markmið hennar að kanna stöðu nemenda á völdum matsþáttum í sjálfsmatskerfinu Skólapúlsinn. Staðan í skólum er metin eftir því hvort þar er unnið eftir Olweus áætluninni gegn einelti eður ei. Listi yfir þá skóla er fenginn af vefsíðu áætlunarinnar, [www.olweus.is](http://www.olweus.is).

Skólapúlsinn er sjálfsmatskerfi fyrir grunnskóla þar sem metnir eru 21 þáttur sem tengist virkni nemenda, líðan þeirra og skóla- og bekkjaranda í 6.-10. bekk. Skólaárið 2010-11 notuðu 70 grunnskólar um allt land Skólapúlsinn sem lið í sínu sjálfsmati. Í þeim skólum voru 54% allra nemenda á landinu í þessum bekkjum. Sjá nánar á [www.skolapulsinn.is/um](http://www.skolapulsinn.is/um). Mælikvarðar í Skólapúlsinum eru á kvarðanum 0 til 10 stig. Meðaltal er 5 stig og staðalfrávik 2 stig. Stöðlunarúrtak kvarðanna er um 2.000 nemendur sem tóku þátt skólaárið 2008-9.

Fimm af mælikvörðum Skólapúlsins eru hér til skoðunar. Þeir meta líðan nemenda: Einelti, Vanlíðan, Kvíði, Sjálfsálit og Stjórn á eigin lífi. Staðhæfingar að baki matsþáttunum sem nemendur taka afstöðu til í könnuninni eru í viðauka 1.

Þessir þættir voru valdir til skoðunar þar sem sterk fylgni er á milli eineltis og vanlíðan og kvíða og miðlungs fylgni við sjálfsálit og stjórn á eigin lífi (e. Locus of control). Aðrir matsþættir í Skólapúlsinum eru ekki til skoðunar hér en sjá má lista yfir þá í viðauka 2. Í skýringarramma á næstu síðu er matsþáttum Skólapúlsins á líðan nemenda lýst nánar.

Fylgni er birt í töflu 1. Staða nemenda á matsþætti um einelti skýrir um 10% - 27% af stöðu nemenda á hinum matsþáttunum, sem teljast miðlungs til sterkt tengsl.

**Tafla 1.** Fylgni milli matsþáttar á einelti og annarra þátta í Skólapúlsinum (N=9778)

Svið	Matsþættir	Einelti
Líðan	Vanlíðan	0,422*
Líðan	Kvíði	0,445*
Líðan	Sjálfsálit	-0,326*
Líðan	Stjórn á eigin lífi (e. Locus of control)	-0,393*

\*marktækt með 95% vissu. Að baki liggja svör 9.778 nemenda í 6.-10. bekk sem svöruðu könnun Skólapúlsins skólaárið 2010-11.

Leiða má líkur að því að orsakasamhengi þáttanna í töflu 1 sé að miklu leyti í þá átt að einelti hafi áhrif á vanlíðan og kvíða, þó vissulega geti verið að börn sem líður illa og eru mjög kvíðin af öðrum ástæðum séu á einhvern hátt líklegri til að verða fyrir einelti en þau sem líður almennt vel og eru áhyggjulaus. Með sjálfsálit og stjórn á eigin lífi er líklegra að hvort verki á annað. Einelti hefur neikvæð áhrif á sjálfsálit og eins getur verið að sterkt sjálfsálit dragi úr líkum á að verða fyrir einelti.

### **Um matsþætti á líðan**

**Einelti** Samkvæmt skilgreiningu norska fræðimannsins Dan Olweusar er um einelti að ræða þegar einstaklingur verður ítrekað fyrir neikvæðu og óþægilegu áreiti eins eða fleiri og erfitt með að verja sig (Olweus, 1995). Sá kvarði sem notaður er til að mæla einelti hér er fenginn frá Námsmatsstofnun og er frá árinu 2005. Þolendur eineltis glíma oft við langtíma tilfinningaleg og hegðunarleg vandamál. Einelti getur orsakað einmanakennd, þunglyndi, kvíða og leitt til lélegrar sjálfsmyndar (Williams, Forgas, & von Hippel, 2005). Einelti er mælt í Skólapúlsinum með því spyrja nemendur um hve oft tiltekin 5 atvik gerðust á undanförunum 30 dögum (sjá nánar í viðauka 1).

**Vanlíðan** Til að meta vanlíðan nemenda er notaður kvarði úr rannsókninni Ungt Fólk frá 1992 sem Lýðheilsustöð stóð að ásamt öðrum en sá kvarði var notaður til að meta þunglyndi. Kvarðinn er ekki greiningartæki fyrir þunglyndi heldur veitir vísbendingar um vanlíðan hjá nemendum. Spurt er hve oft nemendur fundu fyrir ákveðnum 7 tilfinningum á síðustu 7 dögum (sjá nánar í viðauka 1).

**Kvíði** Kvíði er hér metinn með kvarða sem notaður var í rannsókninni Ungt fólk 1992 (RUM, 1994). Spurt er oft nemendur fundu fyrir ákveðnum 6 einkennum eftirfarandi á síðustu 7 dögum (sjá nánar í viðauka 1).

**Sjálfsálit** Sjálfsálit er mælt með hinum svokallaða Rosenberg kvarða. Íslenska þýðingin er fengin hjá Námsmatsstofnun. Mæling á sjálfsáliti gefur til kynna hversu mikils virði nemandanum finnst hann vera. Kvarðinn hefur mikið verið notaður í rannsóknum sem snúa að einelti, fíkniefnaneyslu, þátttöku í íþróttum og árangri í skóla. Staða nemenda er metin útfrá svörum þeirra við 9 staðhæfingum (sjá nánar í viðauka 1).

**Stjórn á eigin lífi** Mælingar á stjórn á eigin lífi (locus of control) voru þróaðar árið 1954 af Julian B. Rotter. Sú þýðing sem notuð er hér er frá árinu 2003 og fengin frá Námsmatsstofnun. Mæling á stjórn á eigin lífi segir til um hvað nemandinn heldur að orsaki velgengni eða hrakfarir í hans eigin lífi. Þær geta annað hvort verið af hans eigin völdum (internal) eða einhverra annarra (external) t.d. umhverfisins eða annars fólks. Rannsóknir hafa sýnt að þeir sem gefa til kynna að þeir hafi mikla stjórn á eigin lífi eru líklegri til að: leggja mikið á sig til að ná góðum árangri, vera þolinmóðari í að bíða eftir árangri sem ekki lætur sjá sig strax og setja sér langtímamarkmið (Weiner, 1980). Aðferðin við að meta stjórn á eigin lífi í er að spyrja um afstöðu nemenda til 7 staðhæfinga (sjá nánar í viðauka 1)

Olweus skólar starfa samkvæmt áætlun sem hefur það markmið að draga úr tíðni eineltis í skólanum. Sú tilgáta er sett fram að minna einelti sé í skólum sem starfa eftir Olweus áætluninni, miðað við aðra skóla. Því er spáð að vanlíðan og kvíði séu einnig minni og jafnvel að sjálfsálit og stjórn á eigin lífi sé meiri í Olweus skólum en öðrum skólum. Búist er við því að skilvirkar aðgerðir gegn einelti dragi ekki einungis úr tíðni þess heldur einnig alvarleika eineltis sem kemur fram í minni áhrifum eineltis á líðan

nemenda. Því er lögð fram sú tilgáta að í Olweus skólum séu tengsl milli eineltis og líðan minni en í öðrum skólum.

Þrjár megin rannsóknaspurningar eru settar fram:

1. Er einelti minna í skólum sem starfa eftir Olweus áætluninni en í skólum sem ekki gera það?
2. Er líðan nemenda betri (minni vanlíðan og kvíði og meira sjálfsálit og stjórn á eigin lífi) í skólum sem starfa eftir Olweus áætluninni en í skólum sem ekki gera það?
3. eru minni tengsl milli eineltis og líðan nemenda í skólum sem starfa eftir Olweus áætluninni en í skólum sem ekki gera það?

## AÐFERÐ

Af 70 skólum með Skólapúlsinn skólaárið 2010-11 voru 32 í Olweus áætluninni (framvegis „Olweus skólar“) og 38 skólar (framvegis „aðrir skólar“) ekki skráðir í áætlunina árið 2009. Þátt tóku 4781 nemandi í þeim fyrrnefndu og 4997 í þeim síðarnefndu, samtals 9778 nemendur í 6.-10. bekk. Kynjahlutfall er jafnt í þessum hópum eins og sjá má í töflu 2. Skólarnir eru misstórir í báðum hópum, frá 25 til 349 þátttakendur í hverjum skóla (sjá töflu 3).

**Tafla 2.** Úrtak, fjöldi nemenda eftir kyni og aldri

Kyn	Fjöldi nemenda		Samtals
	Olweus skólar	Aðrir skólar	
Stúlkur	2369	2349	4718
Drengir	2412	2463	4875
Uppl. vantar	0	185	185
Samtals	4781	4997	9778

Bekkur	Fjöldi nemenda		Samtals
	Olweus skólar	Aðrir skólar	
6	938	994	1932
7	1037	892	1929
8	956	950	1906
9	984	994	1978
10	866	982	1848
Uppl. vantar	0	185	185
Samtals	4781	4997	9778

**Tafla 3.** Úrtak, fjöldi nemenda og stærð skóla

Fjöldi nemenda í 6.-10. bekk	
Olweus skólar (N=32 skólar)	Aðrir skólar (N=38 skólar)
25	29
35	36
70	48
71	67
73	69
73	70
75	72
75	73
78	73
78	75

79	75
83	75
83	75
104	76
106	77
115	80
146	85
148	108
154	111
155	112
190	117
191	123
194	149
199	151
214	154
216	156
225	161
253	184
274	186
306	186
344	189
349	193
	213
	220
	267
	271
	284
	307
<b>4781 nem.</b>	<b>4997 nem.</b>

Tekið skal fram að margir skólar í Olweus áætluninni eru ekki í Skólapúlsinum og nær þessi greining ekki til þeirra. Engu að síður er hér um að ræða mjög stórt hentugleikaúrtak sem nær yfir mikinn meirihluta þeirra og ættu niðurstöðurnar að veita góða forspá um stöðu Olweus skóla á Íslandi.

Þrenns konar samanburður er gerður á hópunum tveimur. Metin er heildarstaða á matsþáttunum, staðan eftir aldri nemenda (6.-10.b.) og eftir kyni.

Marktektarprófið ANOVA og t-próf eru notuð til að greina mun á hópum og miðast það við 95% öryggismörk í öllum tilfellum.


## NIÐURSTÖÐUR

Fyrst er einelti og líðan nemenda í Olweus skólum borin saman við aðra skóla. Niðurstöðurnar sýna samanburð á tveimur hópum nemenda í skólum sem samtals telja yfir helming allra nemenda í 6.-10. bekk.


### Líðan nemenda og einelti

Á mynd 1 má sjá að einelti er marktækt minna í Olweus skólum en öðrum skólum og munar þar um 0,2 stigum eða 1/10 úr staðalfrávik. Það telst reyndar líttill munur en þegar svo stórir hópar eru bornir saman eru niðurstöðurnar skýrar um að í skólum sem starfað hafa a.m.k. frá 2009 samkvæmt Olweus áætluninni er í heildina minna einelti en í öðrum skólum. Einnig kemur fram að vanlíðan er marktækt minni og stjórn á eigin lífi er marktækt meiri í Olweus skólum en í öðrum skólum en hér er munurinn mun minni, rétt um 0,1 stig eða 1/20 úr staðalfrávik. Hér er um afar lítinn mun að ræða. Ekki er marktækur munur á kvíða og sjálfsáliti nemenda í Olweus skólum og öðrum skólum.

Kannað var hvort þessi áhrif væru ólík eftir aldri nemenda, hvort þau kæmu fram í öllum bekkjum, þ.e. 6. – 10. bekk, eða hvort þau væru bundin við ákveðinn aldur. Í mynd 2 eru birtar niðurstöður samanburðar milli Olweus skóla og annara skóla eftir bekkjum.



Mynd 1. Líðan nemenda í 6.-10. bekk í Olweus skólum og öðrum skólum samkvæmt 5 matsþáttum Skólapúlsins




**Mynd 2.** Líðan nemenda eftir bekkjum í Olweus skólum og öðrum skólum

Samkvæmt mynd 2 kemur í ljós að hjá nemendum í 6. og 7. bekk er marktækt minna um bæði einelti, vanlíðan og kvíða hjá nemendum í skólum sem vinna samkvæmt Olweus áætlaninni og auk þess hafa nemendur í 7. bekk Olweus skóla meira sjálfsálit og upplifa meiri stjórn á eigin lífi en nemendur í öðrum skólum. Fyrir eldri bekkina er aðeins marktækt minna einelti í 10. bekk Olweus skólanna en sjálfsálit nemenda í 9. bekk einnig marktækt hærra en í öðrum skólum.

Þessar niðurstöður benda til þess að árangur sé af aðgerðum sem Olweus skólar vinna samkvæmt umfram aðra skóla í yngri bekkjum og einnig á lokaári á unglingsstigi, þ.e. með elstu nemendum. Hafa þer í huga að yngri nemendur verða fyrir einelti af hálfu jafnaldra og eldri nemenda en elstu nemendur í hverjum skóla verða aðeins fyrir einelti frá jafnöldrum. Það er að minnsta kosti afar fátítt að gerendur séu yngri en þolendur. Enda sést það á mynd 2 að í heildina dregur jafnt og þétt úr einelti frá 6. bekk til 10. bekkjar og er mest í 8. bekk þegar nemendur eru yngstir á unglingsstigi.

### **Samanburður á skólum með 1.-7. bekk og 1.-10. bekk**

Þónokkrir grunnskólar á Íslandi eru aðeins með 1.-7. bekk. Kannað var hvort jákvæðar niðurstöður um einelti, vanlíðan og kvíða í 6. og 7. bekk í Olweus skólum sem koma fram á mynd 2 gætu verið bundnar við slíka skóla þar sem þetta eru elstu bekkirnir eða hvort þær kæmu einnig fram í skólum með 1.-10. bekk þar sem í skólanum eru margir eldri nemendur. Tólf skólar í þessari greiningu, 8 Olweus skólar (N=603) og 4 aðrir skólar (N=291) eru með 1.-7. bekk eingöngu. Niðurstöður eru birtar á mynd 3, þar sem vinstri hlutinn á við um skóla án unglingsstigs (með 1.-7. bekk) en hægri hlutinn við um skóla með unglingsstigi (með 1.-10. bekk).



**Mynd 3.** Líðan nemenda í 6. og 7. Bekk í skólum með 1.-7. bekk annars vegar og 1.-10. bekk hins vegar


Marktækt minna einelti er á efra miðstigi í Olweus skólum en annarra skóla óháð því hvort skólinn er með unglíngastig eða ekki (sjá mynd 3). Munurinn er um 0,3 stig. Áberandi er að áhrifin eru miklu sterkari í 7. bekk þegar það er elsti bekkur skólans (rúmlega 0,6 stig) heldur en í 7. bekk skóla með unglíngastig (rúmlega 0,2 stig). Munur á einelti í 6. bekk Olweus skóla miðað við aðra skóla er óbreyttur hvort sem skólinn hefur unglíngastig eða ekki, enda er 7. bekkur í öllu þessum skólum og því eldri nemendur til staðar hvort sem í skólanum er unglíngastig eða ekki.

Þessar niðurstöður ríma við það sem kemur fram um elstu nemendur unglíngastigs í mynd 2 hér að framan þar sem minni tíðni eineltis er í elsta bekk Olweus skóla miðað við aðra skóla en slík áhrif koma ekki fram fyrir yngri nemendur í 8. og 9. bekk.

Mynd 3 (vinstri hluti) sýnir að í skólum án unglíngastigs er marktækt minni vanlíðan og minni kvíði hjá nemendum í 6. og 7. bekk Olweus skóla en annarra skóla og þeir upplifa einnig marktækt meiri stjórn á eigin lífi en jafnaldrar í öðrum skólum. Þar er munurinn 0,4 stig fyrir vanlíðan, 0,5 stig fyrir kvíða og 0,2 stig fyrir stjórn á eigin lífi. Það er áberandi í mynd 3 (hægri hluta) að í skólum með unglíngastig koma þessi áhrif ekki fram á miðstigi; vanlíðan, kvíði og stjórn nemenda á eigin lífi er ekki frábrugðin í Olweus skólum miðað við aðra skóla.

## Kynjamunur

Í mynd 4 eru birtar niðurstöður eftir kyni.



**Mynd 4.** Einelti meðal drengja og stúlkna í Olweus skólum og öðrum skólum

Það er áberandi fyrir bæði Olweus skóla og aðra skóla að meira er um einelti hjá stúlkum en drengjum og líðan stúlkna er mun verri en drengja, sérstaklega meiri kvíði meðal stúlkna en einnig mun meiri vanlíðan, minna sjálfsálit og minni stjórn á eigin lífi.

Tíðni eineltis er marktækt minni hjá báðum kynjum í skólum sem vinna samkvæmt Olweus áætluninni en í öðrum skólum. Munurinn er nánast sá sami fyrir stúlkur og drengi; 0,2 stig, eða 1/10 úr staðalfrávik. Það er lítil munur. Auk þess er vanlíðan hjá drengjum en ekki stúlkum marktækt minni í Olweus skólum en í öðrum skólum, sem einnig nemur 0,2 stigum. Svo virðist sem áætlunin stuðli að bættri líðan hjá drengjum en ekki hjá stúlkum, nái þannig árangri með minni tíðni og alvarleika eineltis hjá drengjum en eingöngu minni tíðni meðal stúlkna.

## Tengsl eineltis við líðan í Olweus skólum og öðrum skólum

Kannað var samband eineltis við vanlíðan, kvíða, sjálfsálit og stjórn á eigin lífi í Olweus skólum og öðrum skólum. Niðurstöður eru birtar í töflu 3 eftir bekkjum.

**Tafla 4.** Fylgni eineltis við líðan nemenda í Olweus skólum og öðrum skólum

Fylgni við einelti (Spearman's Rho)	Allir			Skýrð dreifing (%)		
	Olweus	Aðrir	Mismunur	Olweus	Aðrir	Mismunur
N=9778 nemendur						
Sjálfsálit	-,366	-,373	,007	13,4	13,9	-,52
Stjórn á eigin lífi	-,423	-,437	,014	17,9	19,1	-1,23
Vanlíðan	,478	,510	<b>-,032*</b>	22,9	26,0	-3,16
Kvíði	,475	,501	-,025	22,6	25,1	-2,47

(framhald af töflu 4)

Fylgni við einelti (Spearman's Rho)	10. bekkur			10. bekkur		
N=1885 nemendur	Olweus	Aðrir	Mismunur	Olweus	Aðrir	Mismunur
Sjálfsálit	-,391	-,394	,003	15,3	15,6	-,26
Stjórn á eigin lífi	-,412	-,413	,001	17,0	17,1	-,08
Vanlíðan	,459	,502	-,042	21,1	25,2	-4,07
Kvíði	,459	,488	-,029	21,0	23,8	-2,78
Fylgni við einelti (Spearman's Rho)	9. bekkur			9. bekkur		
N=2015 nemendur	Olweus	Aðrir	Mismunur	Olweus	Aðrir	Mismunur
Sjálfsálit	-,325	-,389	,065	10,5	15,2	-4,61
Stjórn á eigin lífi	-,399	-,430	,031	15,9	18,5	-2,60
Vanlíðan	,492	,525	-,033	24,2	27,6	-3,36
Kvíði	,479	,518	-,039	23,0	26,8	-3,86
Fylgni við einelti (Spearman's Rho)	8. bekkur			8. bekkur		
N=1943 nemendur	Olweus	Aðrir	Mismunur	Olweus	Aðrir	Mismunur
Sjálfsálit	-,388	-,339	-,049	15,1	11,5	3,59
Stjórn á eigin lífi	-,483	-,450	-,033	23,3	20,3	3,06
Vanlíðan	,522	,532	-,011	27,2	28,4	-1,15
Kvíði	,512	,550	-,038	26,2	30,2	-4,07
Fylgni við einelti (Spearman's Rho)	7. bekkur			7. bekkur		
N=1966 nemendur	Olweus	Aðrir	Mismunur	Olweus	Aðrir	Mismunur
Sjálfsálit	-,364	-,364	,000	13,2	13,2	,00
Stjórn á eigin lífi	-,399	-,439	,040	15,9	19,3	-3,35
Vanlíðan	,422	,532	-,110*	17,8	28,3	-10,49
Kvíði	,454	,488	-,034	20,6	23,8	-3,20
Fylgni við einelti (Spearman's Rho)	6. bekkur			6. bekkur		
N=1969 nemendur	Olweus	Aðrir	Mismunur	Olweus	Aðrir	Mismunur
Sjálfsálit	-,386	-,387	,000	14,9	14,9	-,02
Stjórn á eigin lífi	-,421	-,461	,040	17,7	21,3	-3,56
Vanlíðan	,511	,524	-,012	26,1	27,4	-1,26
Kvíði	,493	,491	,003	24,3	24,1	,25

\*marktækur munur á fylgnistuðlum (Fisher's r-to-z prófið, miðað við 95% öryggismörk)

Samkvæmt efsta hluta töflu 3 virðist sem einelti skýri minna af vanlíðan og kvíða í Olweus skólum en í öðrum skólum, en þegar munurinn er skoðaður eftir bekkjum kemur í ljós að áhrifin einskorðast við 7. bekk. Þegar gerður er samanburður á tengslum eineltis við vanlíðan í hinum bekkjunum, þ.e. 6., 8., 9. og 10., er ekki marktækur munur á Olweus skólum og öðrum skólum. Það sama á við um tengsl eineltis við kvíða, sjálfsálit og stjórn á eigin lífi.

Greiningin var endurtekin fyrir 7. bekk annars vegar fyrir skóla án unglíngastígs, þar sem nemendur eru elstir í 7. bekk (8 skólar), og hins vegar fyrir skóla með unglíngadeild með 3 árganga eldri en nemendur í 7. bekk (N=1518). Niðurstöður eru óbreyttar: Fyrir bæði rekstrarform eru tengslin milli eineltis og vanlíðan nemenda í 7. bekk marktækt veikari í Olweus skólum en í öðrum skólum, sbr. töflu 4 hér fyrir neðan.

**Tafla 5.** Fylgni eineltis við líðan nemenda í Olweus skólum og öðrum skólum með eða án unglíngastígs

Fylgni við einelti (Spearman's Rho)	7. bekkur: Skólar með 1.-7. b.			7. bekkur: Skólar með 1.-10. b.		
	Olweus	Aðrir	Mismunur	Olweus	Aðrir	Mismunur
N=1966 nemendur						
Sjálfsraust	-,387	-,432	,045	-,370	-,403	,033
Stjórn á eigin lífi	-,490	-,504	,014	-,406	-,453	,047
Vanlíðan	,525	,624	-,099*	,469	,544	-,075*
Kvíði	,505	,437	,068	,504	,520	-,016

\*marktækur munur á fylgnistuðlum (Fisher's r-to-z prófið, miðað við 95% öryggismörk)

## Samantekt og umræða

Í heild sýnir rannsóknin að einelti er marktækt minna í skólum sem vinna eftir Olweus áætluninni en í skólum sem ekki gera það. En munurinn er þó lítill og tengist aldri nemenda og aldursskiptingu skólans. Svo virðist sem jákvæð áhrif áætlunarinnar njóti ekki við í 6. og 7. bekk ef eldri nemendur eru í skólanum. Áberandi mest áhrif eru af áætluninni í 7. bekk í skólum án unglíngastígs en mun minni í 7. bekk skóla með unglíngastig. Hafa þeir í huga að í þessum skólum eru nemendur í 7. bekk elstir í skólanum og einelti þar eingöngu bundið við jafnaldra, en í skólum með unglíngadeild geta nemendur í 7. bekk orðið fyrir einelti bæði af hendi jafnaldra og eldri nemenda í skólanum.

Í Olweus skólum eru tengsl eineltis við líðan nemenda ekki frábrugðin því sem gerist í öðrum skólum, með 7. bekk sem undantekningu. Þar tengist vanlíðan einelti áberandi minna í Olweus skólum en öðrum skólum. Í Olweus skólum skýrir einelti aðeins 18% af vanlíðan nemenda í 7. bekk en 28% í öðrum skólum, sem er verulegur og marktækur munur. Kemur það fram óháð því hvort skólinn hefur unglíngastig eða ekki. Þessar niðurstöður benda til þess að með Olweus áætluninni takist að draga úr neikvæðum áhrifum eineltis á líðan í 7. bekk, en ekki í öðrum bekkjum.

Svo virðist sem Olweus áætlunin nái bestum árangri með nemendur í 7. bekk (elstu nemenda miðstígs), bæði í að draga úr tíðni eineltis og neikvæðum afleiðingum þess á líðan nemenda þegar ekki eru eldri nemendur í skólanum. Niðurstöður sýna auk þess að þær aðgerðir sem unnið er að samkvæmt Olweus áætluninni eru ekki árangursríkari en aðgerðir í öðrum skólum á unglíngastigi, fyrir utan elstu nemendurna. Það virðast vera elstu nemendur hvers grunnskólastígs um sig sem helst njóta góðs af Olweus áætluninni.

Ein skýring á því er að mögulega er lögð ríkari áhersla á forvarnir gegn einelti jafnaldra en minna sinnt þeim möguleika að eldri nemendur leggi yngri nemendur í einelti. Elstu nemendur skólans eru ekki í mikill hættu á að verða fyrir einelti af hendi yngri barna. Framkvæmd forvarna milli aldurshópa útheimtir meira samstarf milli kennara í ólíkum deildum og er flóknari en aðgerðir innan sama aldurshóps þar sem þólandi og gerandi eru undir eftirliti sömu aðila (bekkjarkennara) sem eru þegar í

náinni samvinnu með nám nemenda. Þessar niðurstöður gefa tilefni til að skoða það að áherslur í forvarnaraðgerðum taki meira mið af hlutverki eldri nemenda sem gerenda eineltis, t.d. á skólalóð, utan skólatíma og á Internetinu.

#### *Frekari athuganir*

Í nálgun þessarar rannsóknar er staða hvers skóla ekki borin saman yfir tíma og því ekki metin bein áhrif af því fyrir hvern skóla að taka upp Olweus áætlunina. Greiningin útilokar þannig ekki valáhrif, þ.e. að önnur einkenni en Olweus áætlunin á skólastarfinu stuðli að þeim áhrifum sem hér sjást á tíðni eineltis og tengslum við líðan. Spurningum um valáhrif og um raunverulegan árangur hvers skóla yfir tíma verður að svara með því að skoða tíðni eineltis áður en skólinn tekur upp ný vinnubrögð og bera saman við tíðni þess að nokkrum árum liðnum. Einnig má meta hvort dregur úr neikvæðum afleiðingum eineltis á líðan. Slík greining gæti mögulega farið fram á gögnum úr Skólapúlsinum að 2 árum liðnum fyrir þá skóla sem hér eru til skoðunar, haldi þeir áfram mælingum. Fyrir slíkt mat er nauðsynlegt að skoða aldur nemenda og jafnvel aldurskiptingu skólanna, þ.e. hvort í skólanum séu eldri nemendur.

Hægt er einnig að vinna frekari samanburð úr fyrirbyggjandi upplýsingum úr Skólapúlsinum. Metnir eru þættir sem tengjast skóla- og bekkjaranda, þ.á.m. samsömun nemenda við nemendahópinn og samband nemenda við kennara og einnig virkni nemenda s.s. námsáhugi (sjá viðauka 2). Kanna mætti bæði virkni nemenda og skóla- og bekkjaranda í Olweus skólum miðað við aðra skóla. Spurningalisti Skólapúlsins er í heildina yfir 130 spurningar og til að meta með meiri nákvæmni á hvaða sviðum Olweus áætlunin nær mestum árangri umfram aðrar aðgerðir væri mögulegur samanburður á stöðu skóla á hverri spurningu þar sem hægt er að tilgreina sterkustu einkenni á árangri áætlunarinnar af meiri nákvæmni (sjá í því samhengi spurningar að baki mati á líðan í viðauka 1).

## *Heimildir*

Olweus, D. (1995). *Bullying at School: What We Know and What We Can Do*.

RUM, Rannsóknastofnun Uppeldis- og Menntamála (1994). *Ungt fólk 1992*. Reykjavík.

Weiner, B. (1980). *Human motivation*. New York: Holt, Rinehart and Winston.

Williams, K. D., Forgas, J. P., & von Hippel, W. (2005). *The Social Outcast: Ostracism, Social Exclusion, Rejection, and Bullying*: Psychology Press.

## Viðauki 1. Spurningar að baki sex af tuttugu matsþáttum í Skólapúlsinum

Svið	Matsþáttur	Spurning	Liðir
Líðan	Einelti	Hve oft gerðist eftirfarandi á síðustu 30 dögum?	Liður 1: Mér fannst að einhver væri að baktala mig
			Liður 2: Ég var beitt(ur) ofbeldi
			Liður 3: Ég var skilin(n) útundan
			Liður 4: Einhver sagði eitthvað særandi við mig
			Liður 5: Mér leið mjög illa af því hvernig krakkarnir létu við mig
Líðan	Vanlíðan	Hve oft fannstu fyrir eftirfarandi á síðustu 7 dögum?	Liður 1: Hafði enga matarlyst
			Liður 2: Átti erfitt með að einbeita mér að því sem ég vildi
			Liður 3: Verið þunglynd/ur
			Liður 4: Þurft að hafa mikið fyrir hlutunum
			Liður 5: Verið dapur/döpur.
			Liður 6: Gat ekki lært (heima eða í skólanum)
Líðan	Kvíði	Hve oft fannstu fyrir eftirfarandi vanlíðan eða óþægindum á síðustu 7 dögum?	Liður 1: Höfuðverk
			Liður 2: Svima
			Liður 3: Ógleði eða ólgu í maganum
			Liður 4: Var taugaóstyrk(ur)
			Liður 5: Streitu (stressi)
			Liður 6: Skyndilega hræðslu án þess að vita af hverju

Svið	Matspáttur	Spurning	Liðir
Líðan	Sjálfsálit	Hve ósammála eða sammála ert þú eftirfarandi setningum?	Liður 1: Mér finnst ég vera að minnsta kosti jafn mikils virði og aðrir
			Liður 2: Ég hef marga góða eiginleika
			Liður 3: Ég er misheppnuð/misheppnaður*
			Liður 4: Ég get gert margt jafn vel og aðrir
			Liður 5: Það er ekki margt sem ég get verið stolt/ur af*
			Liður 6: Ég hef jákvætt viðhorf til sjálfrar/sjálfs míns
			Liður 7: Ég er ánægð/ur með sjálfa/n mig
			Liður 8: Ég vildi óska að ég bæri meiri virðingu fyrir sjálfri/sjálfum mér*
			Liður 9: Stundum finnst mér ég einskis virði**
Líðan	Stjórn á eigin lífi	Hve ósammála eða sammála ert þú eftirfarandi setningum?	Liður 1: Það er í raun útilokað fyrir mig að ráða fram úr sumum vandamálum mínum*
			Liður 2: Stundum finnst mér að aðrir séu að ráðskast með líf mitt*
			Liður 3: Ég hef litla stjórn á því sem kemur fyrir mig í lífinu*
			Liður 4: Ég get gert næstum allt sem ég einbeiti mér að
			Liður 5: Mér finnst ég oft standa hjálparvana frammi fyrir vandamálum í lífinu*
			Liður 6: Framtíð mín ræðst aðallega af mér sjálfri/sjálfum
			Liður 7: Það er lítið sem ég get gert til að breyta mikilvægum hlutum í lífi mínu*

\*Þessar spurningar eru neikvætt orðaðar, gildum er snúið við áður en reiknuð er heildareinkunn fyrir nemendur.

## Viðauki 2. Matspættir í Skólapúlsinum

### A. Virkni nemenda

Virkni nemenda í skólanum er metin með tíu kvörðum, þeir eru:

Mælikvarði	Enskt heiti	Uppruni
Ánægja af lestri	Enjoyment of reading	PISA 2000
Trú á eigin námsgetu	Academic self-Efficacy	Aðlagð frá Bandura, A. (1994).
Trú á eigin vinnubrögð í námi	Self-efficacy in self-regulated learning	Aðlagð frá Bandura, A. (1994).
Stjórn á eigin árangri	Control expectation	PISA 2000
Þrautseigja í námi	Effort and perserverance	PISA 2000
Fjarvera	Truancy rate	PISA 2000
Áhugi á stærðfræði	Interest in mathematics	PISA 2003
Ánægja af náttúrufræði	Enjoyment of science	PISA 2006
Íþróttir/líkamsrækt	Engagement in sports	Lýðheilsustöð, 2005

## B. Líðan nemenda

Líðan nemenda er metin með fimm kvörðum, þeir eru:

Mælikvarði	Enskt heiti	Uppruni
Sjálfsálit	Self-esteem	Rosenberg, 1965
Stjórn á eigin lífi	Locus of control	Námsmatsstofnun, 2003
Vanlíðan	Depression	Lýðheilsustöð, 2005
Kvíði	Anxiety	Lýðheilsustöð, 2006
Einelti	Bullying	Námsmatsstofnun, 2005

## C. Skóla- og bekkjarandi

Skóla- og bekkjarandi nemenda er metinn með sex kvörðum, þeir eru:

Mælikvarði	Enskt heiti	Uppruni
Samsömun við nemendahópinn	Sense of belonging	PISA 2000, 2003
Samband nemenda við kennara	Teacher – student relationship	PISA 2000, 2003
Agi í tímum	Disciplinary climate in the classroom	PISA 2000, 2003
Stuðningur kennara við nemendur	Teacher support	PISA 2000, 2003
Virk þátttaka nemenda í tímum	Interaction	PISA 2006
Mikilvægi heimavinnu í náminu	Homework	PISA 2000 (óútféið)

